



# SKILMÁLAR VEGNA UPPKAUPA RÍKISBRÉFA

## Uppkaup 9. febrúar 2018

1. Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að kaupa með tilboðsfyrirkomulagi ríkisbréf í samræmi við stefnu í lánamálum ríkissjóðs og með hliðsjón af ákvæðum laga um lánaumsýslu ríkisins nr. 43/1990, með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 18. október 2010. Markmið uppkaupanna er að lækka skuldir ríkissjóðs og draga úr endurfjármögnunaráhættu en stærð flokksins er nú um 50 ma.kr. *Uppkaupsdagur er föstudagur 9. febrúar 2018. Greiðslu- og uppgjörsgdagur er miðvikudagur 14. febrúar 2018.*
2. Ríkissjóður býðst til að kaupa til baka eftirfarandi flokk ríkisbréfa:

<u>Flokkur</u>	<u>ISIN</u>	<u>Lokagjalddagi</u>
<b>RIKH 18 1009</b>	<b>IS0000019453</b>	<b>09.10.2018</b>
3. Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta þeirra eða hafna þeim öllum. Uppkaupunum verður þannig háttáð að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á innsendum verðum (e. multiple price auction method).
4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna. Boð skulu vera þannig að tilboðin hlaupi á heilum milljónum króna.
5. Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:30 og 11:00 á uppkaupsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
6. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Markaðsviðskipti og fjárstýringu Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11:00 á uppkaupsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
7. Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
8. Niðurstöður uppkaupanna verða tilkynntar til kauphallar Nasdaq Iceland hf. og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
9. Ríkisbréf sem ríkissjóður samþykkir að kaupa samkvæmt skilmálum þessum, þurfa að berast Seðlabankanum fyrir kl. 12:00 á greiðsludegi, og verður greiðslan afhent fyrir kl. 16.00 sama dag.
10. Lánamál ríkisins greiða ekki þóknun vegna uppkaupta ríkisbréfa.